



Um stéttarfélög, lög þeirra o.fl.

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.



Réttarstaða stéttarfélaga

- Stjórnarskráin
 - Verndar félagsfrelsi þ.e. réttinn til þess að stofna félög og standa utan félaga þ.m.t. stéttarfélaga
- Stéttarfélög
 - Réttur til að stofna stéttarfélög nýtur sérstakrar verndar skv. stjórnarskránni með því að þau eru sérstaklega tiltekin í 74.gr. hennar.
- Kjarasamningsrétturinn
 - Í 75.gr. stjórnarskrár segir „Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.“ = Lög nr. 80/1938
 - Samningsrétturinn er samkvæmt lögum nr. 80/1938 hjá sérhverju stéttarfélagi sem ekki má hafa félagssvæði sem sé minna en eitt sveitarfélag
 - Stéttarfélög semja um lágmarkskjör fyrir alla, hvort sem þeir eru félagsmenn eða ekki sbr. lög nr. 55/1980



Kjarasamningsgerðin

- Aðalverkefni stéttarfélaganna og það sem skilgreinir þau sem stéttarfélög undir vernd stjórnarskrár er kjarasamningsgerðin
- Rétturinn til þess að gera og valdið til þess að þvinga atvinurekendur er hjá einstökum stéttarfélögum
- Framsal til sambanda
 - Inn í sameiginlega vinnu og afgreiðslu þar sem allt er talið í sama potti
 - Inn í sameiginlega vinnu en sjálfstæða afgreiðslu hjá hverju og einu félagi
- Að lokum verða alltaf til sjálfstæðir kjarasamningar hvers og eins aðildarfélags með gildissvið á félags- og samningssvæði þess



Verkaskipting stéttarféлага

- Landfræðileg
 - Ekki minna en eitt sveitarfélag
 - Landið allt (landsfélög)
- Starfsgreinabundin
 - Almennt launafólk
 - Iðnaðarmenn
 - Verslun og þjónusta
 - Hið opinbera
 - O.fl.
- Stóriðjan
 - Einn samningur um öll störf



Hvaða stéttarfélag

- Hvað ræður aðild að stéttarfélagi
 - Það starf sem unnið er á félags- og samningssvæði viðkomandi stéttarfélags sem gert hefur kjarasamning um laun og önnur starfskjör fyrir það starf, ræður félagsaðild
 - Einstakir atvinnurekendur hafa ekkert um þetta að segja og ef þeir reyna það er það brot á 4. gr. l. 80/1938:
„Atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda er óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmalafélögum eða vinnudeilum með: a. uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn, b. fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.“



Hvers vegna?

- Þú starfrækir og þjónar þann kjarasamning sem þú hefur gert og sem gildir um tiltekin störf á samningssvæði- og sviði þínu -
nálægðarreglan
 - Atvinnurekendur hafa engar skyldur við stéttarfélög sem þeir hafa ekki samið við – hvorki um greiðslu iðgjalda né annað
 - Stéttarfélög geta ekki beitt aðra atvinnurekendur þrýstingi, hvort sem er með verkföllum eða öðru, en þá sem þeir hafa samið eða krefjast þess að semja við
 - Skylda til að leggja niður störf hvílir á öllum sem vinna þau störf sem deilan tekur til og er bundin við ákvarðanir þeirra stéttarfélaganna sem aðild eiga að deilunni – ekki aðra
- Þetta gerir stéttarfélög að stéttarfélögum undir vernd stjórnarskrár, laga og alþjóðlegra samninga
 - Starfsemi stéttarfélags utan samningssviðs og svæðis nýtur engrar verndar, henni fylgir ekkert afl og hún brýtur niður og molar undan lögmætri starfsemi verkalýðshreyfingarinnar



Félagsgjöld

- Lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks
 - Atvinnurekanda er skylt að halda eftir af launum starfsmanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt þeim reglum sem kjarasamningar greina
 - atvinnurekandinn verður ábyrgur ef ekki er skilað iðgjaldi til viðkomandi félags
- Launamönnum frjálst að standa utan stéttarfélaga þ.e. að gerast ekki fullgildir félagsmenn en eru þá aukafélagar
 - Sá kjarasamningur sem viðkomandi stéttarfélag gerir um kjör þeirra gildir engu að síður
 - Allir njóta – **allir greiða**



Félagsgjöld

- Löggjaldagreiðslum fylgja öll réttindi til þjónustu stéttarfélagsins og réttur til greiðslna úr sjóðum þess - **Bannað að mismuna**
- Löggjaldagreiðsla veitir hins vegar ekki rétt til að taka þátt í félagslegum ákvörðunum og veitir ekki kjörgengi nema viðkomandi gangi í stéttarfélagið og verði fullgildur félagsmaður



Allir borga gjöld til viðkomandi félags

- Til að standa straum af gerð kjarasamninga, eftirfylgni þeirra og endurnýjun
- Til að halda við, reka og endurnýja stóran hluta af velferðarkerfi launafólks
- Samfelld réttindi sem fylgja hverju starfi og tilheyra sama félagi
- Heildstætt kerfi
 - Veikindaréttur (sjúkrasjóðir)
 - Lífeyrisréttur (lífeyrissjóðir)
 - Orlofsréttur (orlofssjóðir)
 - Menntun (menntasjóðir)
 - Virkni á vinnumarkaði (VIRK)
 - Einstaklingsbundin þjónusta (réttur á vinnustað)
 - Hagsmunagæsla gagnvart stjórnvöldum
 - Alþjóðleg hagsmunagæsla
 - O.fl.....



Örstutt um félagsfrelsið

- Mátt standa utan félaga (aukafélagi) eða vera fullgildur félagi með ákvörðun
 - Formlega – óformlega
- Félagafrelsi **pýðir ekki** að þú getir valið stéttarfélag og sjóði af „matseðli bestu kjara“
 - Félagsgjöldin hér – sjúkrasjóður þar – endurmenntun hvar sem er.....
- Vopnin sett í hendur atvinnurekenda þegar félagsaðildin er óskipulagt kaos



Um einyrkja

- Lög 80/1938 útiloka ekki aðild einyrkja að stéttarfélögum (álit 2002)
- Þeir eru ekki launamenn í hefðbundnum skilningi – taka réttindi undir sjálfum sér.
 - Geta verið „dependent“ og þá oft í veikri stöðu og hreyfingin þarf að huga að hagsmunum þeirra.
- Þeir njóta ekki verndar kjarasamninga með sama hætti og launafólk
 - Þeir greiða þess vegna ekki atkvæði um kjarasamninga
 - Þeir fara ekki í verkföll og greiða því ekki atkvæði um þau
 - Atkvæðisréttur og kjörgengi að öðru leyti
 - Kjörgengi - Félagsstjórn og formennska (samningsrétturinn)
 - Atkvæðisréttur við stjórnarkjör
 - Deildir og deildarstjórnir og aðild að stjórn?